Egilsstaðaskóli





2. tímabil


Val í 8. – 10. bekk





Kynning á námskeiðum
Þriðjudagar 17. nóvember – 26. janúar

Fimmtudagar 19. nóvember – 21. janúar











Hluti af námstíma nemenda á elsta stigi á að vera val

Val er kennt á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 13.50 – 15.10.

Það er **skylda að mæta** í val eins og aðrar kennslustundir.

Í öllum valnámskeiðum er **námsmat** eins og í öðrum námsgreinum sem er birt á vitnisburðablaði nemenda að vori.

Það sem er í boði:

Þriðjudagsval

13.50 – 15.10

Skólahreysti

Jólatextíll

Heimilisfræði – Í aðdraganda jóla

Leirmótun

Frístund

Skák

Opinn vinnutími

Utanskólaval (sjá skýringar aftast)

Fimmtudagsval

13.50 – 15.10

Heimilisfræði – Í aðdraganda jóla

Jólatextíll

Golf og píla

Frístund

Enski boltinn

Smíðar

Nemendaráð

Utanskólaval (sjá skýringar aftast)

Þriðjudagar

Heimilisfræði – Í aðdraganda jóla



Hver elskar ekki jólin?



Á þessu valnámskeiði verða búnir til ýmsir réttir sem tengjast jólum og aðdraganda þeirra.
Markmið er að nemendur…

- Efli færni sína í matreiðslu og bakstri.
- Tileinki sér hreinlæti og góð vinnubrögð.
- Þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum og samvinnu með öðrum.
- Auki áhuga sinn fyrir matargerð og bakstri.

Námsmat og hæfniviðmið:

- sýnt frumkvæði, sjálfstæði og ábyrgð í vinnubrögðum,
- beitt helstu matreiðsluaðferðum og notað til þess ýmis mæli- og eldhúsáhöld og borið ábyrgð á viðeigandi frágangi
- tileinkað sér og skilið mikilvægi hreinlætis og þrifa tengdu matreiðslu og eldhúsi

Kennarar: **Hildur Jóna Gunnlaugsdóttir** og Irma Gná Jakobsdóttir

Staður: Heimilisfræðistofa

ATH að þeir sem voru í heimilisfræði á 1. tímabili geta ekki valið hana aftur fyrr en á 3. eða 4. tímabili.

Jólagleði í textílmennt



Eitt og annað brasað í textílmenntarstofunni

Markmið:

- Að nemendur efli færni sína og skilning í textílmennt.
- Að nemendur efli sjálfstæð vinnubrögð og geti gert grein fyrir vinnu sinni.
- Að nemendur eflist í samvinnu og að bera virðingu fyrir eigin verkum og annarra.

Viðfangsefni: Nemendur vinna mismunandi verkefni í ólíkan efnivið.
Hægt er t.d. að hekla, prjóna, sauma út, bútasauma og fleira.
Nemendur eru hvattir til að koma með eigin óskir að verkefnavinnu og mun kennari veita handleiðslu þannig að nemendur geti nýtt færni sína og elft hana með verkefnavali.



Námsmat: Frammistöðumat út frá metanlegum hæfniviðmiðum og sjálfsmat nemenda.
Áhersla er lögð á að nemendur nýti tímana vel og sýni frumkvæði og vönduð vinnubrögð.

Kennari: Esther Kjartansdóttir

Skólahreysti



Í Skólahreystivali fer fram undirbúningur fyrir þátttöku í Skólahreysti og **almenn hreystiþjálfun.**
Nemendur í 8. – 10. bekk geta valið námskeiðið en aðeins þeir sem eru í 9. og 10. bekk geta tekið þátt í keppninni sem er haldin í vor. Keppnisliðið verður valið síðar í vetur.

Undirbúningur felst í æfingum í þeim greinum sem er keppt í og auk þess styrktarþjálfun.
Námsmat: Virkni í tímum

Tími: kl. 14.00 – 15.00
Umsjón: **Adam Eiður Ásgeirsson**
Staður: Austur, Lyngási



Leirmótun






- **Inntak náms**:
- Markmið með vali í leirmótun er að læra á leirinn og möguleikana sem hann hefur upp á að bjóða. Prófa nýjar aðferðir og gera tilraunir í því sem hæfir nemanda. Fram að jólum gefst tími til að búa til jólamuni ef nemandi óskar þess en eftir áramótin muni ótengda jólum.
- **Verkefnavinna:** Í tímunum nota nemendur bæði handmótun og plötuaðferð með notkun leirvals sem eykur möguleikana á að ljúka við fleiri hluti. Nemendur vinna hluti eftir eigin hugmyndum eða með hjálp fyrirmynda úr bókum og af netinu. Nemendur skoða, pæla, teikna og móta hlut eftir hugmyndum sínum og glerja í lokin. Vinnuferli hvers hlutar er hönnun, mótun, þurrkun, brennsla og glerjun. Fjöldi verkefna fer eftir stærð og umfangi.
- **Námsgögn**:
- Notaður er hefðbundinn hvítleir eða rauðleir, leiráhöld og glerungar.
- **Fyrirkomulag námsmats**: Leiðsagnarmat sem samanstendur af jafningjamati og sjálfsmati.

Kennari: Hrefna Egilsdóttir
Staður: Myndmenntastofa





Skák



Lýsing

Þátttakendur æfa sig í að tefla skák.

Markmið

- Að nemendur njóti þess að tefla.
- Að efla færni og þekkingu nemenda í að tefla.
- Að nemendur læri að keppa í skák og læri þær reglur sem gilda í slíkum keppnum



Mat

Þátttaka nemenda og virkni nemenda er metin auk hæfniviðmiða sem við eiga.

Kennari: Jón Magnússon

Staður: Stofa 25

Frístund

Markmið: Að læra að annast unga krakka og aðstoða þau í leik. Góður undirbúningur fyrir þá sem hafa hugsað sér að sækja um vinnu í Sumarfrístund.

Þáttakendur taka þátt í starfi í Frístund (eftir skóla fyrir börn í 1. – 4. bekk).
Verkefnið felst í að vera með börnunum í
Frístund, leika við þau úti og inni, undirbúa kaffitíma og vera með þeim þar.

Umsjón: Katalin Elizabet Karácsony
Staður: Frístund í Friðheimum /á leikvelli





Opinn vinnutími

Vinnutími þar sem hægt er að vinna að þeim námstengdu verkefnum sem hver og einn vill.

Hægt verður að fá aðstoð við að ljúka áætlun eða frekari útskýringar á efni vikunnar.

Námsmat: Metið útfrá mætingu og nýtingu á tíma



Kennari: NN

Stofa: 22/24

Fimmtudagar

Heimilisfræði – Í aðdraganda jóla



Hver elskar ekki jólin?

Á þessu valnámskeiði verða búnir til ýmsir réttir sem tengjast jólum og aðdraganda þeirra.
Markmið er að nemendur…

- Efli færni sína í matreiðslu og bakstri.
- Tileinki sér hreinlæti og góð vinnubrögð.
- Þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum og samvinnu með öðrum.
- Auki áhuga sinn fyrir matargerð og bakstri.

Námsmat og hæfniviðmið:

- sýnt frumkvæði, sjálfstæði og ábyrgð í vinnubrögðum,
- beitt helstu matreiðsluaðferðum og notað til þess ýmis mæli- og eldhúsáhöld og borið ábyrgð á viðeigandi frágangi
- tileinkað sér og skilið mikilvægi hreinlætis og þrifa tengdu matreiðslu og eldhúsi



Kennarar: Hildur Jóna Gunnlaugsdóttir og **Irma Gná Jakobsdóttir**

Staður: Heimilisfræðistofa

ATH að þeir sem voru í heimilisfræði á 1. tímabili geta ekki valið hana aftur fyrr en á 3. eða 4. tímabili.

Jólagleði í textílmennt



Eitt og annað brasað í textílmenntarstofunni

Markmið:

- Að nemendur efli færni sína og skilning í textílmennt.
- Að nemendur efli sjálfstæð vinnubrögð og geti gert grein fyrir vinnu sinni.
- Að nemendur eflist í samvinnu og að bera virðingu fyrir eigin verkum og annarra.

Viðfangsefni: Nemendur vinna mismunandi verkefni í ólíkan efnivið.
Hægt er t.d. að hekla, prjóna, sauma út, bútasauma og fleira.
Nemendur eru hvattir til að koma með eigin óskir að verkefnavinnu og mun kennari veita handleiðslu þannig að nemendur geti nýtt færni sína og elft hana með verkefnavali.



Námsmat: Frammistöðumat út frá metanlegum hæfniviðmiðum og sjálfsmat nemenda.
Áhersla er lögð á að nemendur nýti tímana vel og sýni frumkvæði og vönduð vinnubrögð.

Kennari: Esther Kjartansdóttir

Golf og píla



Þátttakendur taka æfingar í golfhermi og auk þess verða æfingar í pílu.

Markmið:

Að nemendur læri grunnreglur í pílukasti og golfi.

Að nemendur þjálfist í að vinna í hópi, taka tillit til annarra og virða reglur.

Námsmat: Metin er þátttaka og virkni í tímunum, ásamt markmiðum lykilhæfni.



Umsjón: Friðrik Bjartur Magnússon

Staður: Kaupvangur 2, gamla Landstólpahúsið

Enski boltinn

Enski boltinn er trúarbrögð! Við ætlum að gera ýmislegt tengt enska boltanum eins og spá fyrir um úrslit, gera upp umferð og búa til lið og taka stöðuna í Fantasy. Að auki gera nemendur eitt valverkefni þar sem þeir hafa frjálsar hendur varðandi viðfangsefni og úrvinnslu.

Markmið

Nemandi getur nýtt aðferðir sem hann hefur lært til að taka virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökræðum, tjáð skoðanir sínar með ýmsum hætti, rökstutt þær og valið þeim miðil sem hentar.

Nemandi getur nýtt sér fjölmiðla, svo sem útvarp, sjónvarp, kvikmyndir og rafrænt efni, og tekið afstöðu til þess sem þar er birt.



Námsmat: Hæfniviðmið í námslotu og virkni í kennslustundum.

Kennari**:** Embla Eir Björgvinsdóttir
Staður: Stofa 21


Smíðar – mótun / útskurður

Nemendur hanna sleif eftir sínu höfði, í samráði við kennara. Nemendur þurfa að hanna útlit hans í kjölfarið.
Farið verður í gegnum hönnun, mótun, útskurð, pússun og loks yfirborðsmeðhöndlun.
Í lok verkefnis fara nemendur heim með sleifina sem nýtist þeim heima við.

<u>Hæfniviðmið og markmið verkefnis er að nemandinn:</u>

Geti hannað verkefni út frá efni, fagurfræði, umhverfi, notkun og endingu
Útskýrt hugmyndir sínar fríhendis- og með grunnteikningu
Geti nýtt sér íslenskan efnivið úr nærumhverfi sem hæfir verkefninu
Geri sér grein fyrir samhenginu milli vandaðra vinnubragða og verðmætis
Geti gert sér grein fyrir undirstöðuatriðum er lúta að styrkleika skaftsins
Geti lesið í form efnisins og nýtt það við gerð verkefna





Kennari: Berglind Kjartansdóttir

Staður: Smíðastofa

Frístund

Markmið: Að læra að annast unga krakka og aðstoða þau í leik. Góður undirbúningur fyrir þá sem hafa hugsað sér að sækja um vinnu í Sumarfrístund.

Þáttakendur taka þátt í starfi í Frístund (eftir skóla fyrir börn í 1. – 4. bekk).
Verkefnið felst í að vera með börnunum í
Frístund, leika við þau úti og inni, undirbúa kaffitíma og vera með þeim þar.

Umsjón: Katalin Elizabet Karácsony
Staður: Frístund í Friðheimum /á leikvelli





Nemendaráð



Verkefni nemendaráðs snýr að skipulagningu á félagsstarfi nemenda á unglingastigi.
Hluti af valinu fer fram í kringum stærri viðburði eins og jólaskemmtanir, árshátíðir, þorrablót ásamt öðrum mögulegum viðburðum sem nemendaráð vill koma á laggirnar.

Í Nemendaráði sitja fulltrúar 8. – 10. bekk, 4 einstaklingar úr hverjum árgangi.

Þeir sem voru valdir í Nemendaráð í september halda áfram til vor.

Fundartími nemendaráðs er í valtímum en vinnan getur þurft að fara fram utan þess tíma t.d. við undirbúning skemmtana.

Annað sem nemendaráð kemur til með að skipuleggja og framkvæma:

Koma með tillögur að og skipuleggja afþreyingu fyrir nemendur í frímínútum og hádegi.
Skipuleggja leiki og uppákomur einu sinni í viku í matsal eða úti – í fyrri frímínútum. Það gæti verið spurningarkeppni, bingó, Olsen Olsen keppni, hver er lengst í planka, boðhlaup, Asni….
Fastir viðburðir (jólaskemmtun / þorrablót): Þar þarf að skreyta, leggja á borð, skipuleggja skemmtiatriði, þ.e. allt sem viðkemur viðburðum.

Umsjón: Bylgja Borgþórsdóttir
Staður: Auglýst á töflu á elsta-stigs gangi

Utanskólaval

Hvað	Ef ég æfi íþróttir eða annað í …	…get ég fengið utanskólaval annaðhvort á þriðjudegi eða fimmtudegi
Íþróttaæfingar, tónlistarnám, sjálfboðaliðastarf, nám í framhaldsskóla.	4 - 5 klst á viku	1 tímabil
	6 - 12 klst á viku	2 tímabil
	13 klst eða meira á viku	3 tímabil

Nemendur geta skráð sig í utanskólaval ef …

- Þeir stunda nám í tónlistarskóla (m. tónfræði)
- Þeir stunda nám í áföngum í ME.
- Æfa skipulagðar íþróttir.
- Taka þátt í skipulögðu sjálfboðaliðastarfi (Rauði kross, björgunarsveitir, Bíbí, ...)

Utanskólavalið er hægt að velja á þriðjudögum eða fimmtudögum - <u>ekki báða daga á sama tímabili.</u>

Foreldrar & forsjáraðilar munu fá póst þar sem þeir eru beðnir um að staðfesta utanskólaval barnsins þegar liggur fyrir hverjir hafa óskað eftir utanskólavali.